



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Samráð hófst

21. júní 2018

Samráð lauk

23. ágúst 2018

Fjöldi umsagna

10 í samráðsgátt og 4 beint til ráðuneytisins.

Umsagnaraðilar

Samgöngustofa, Samtök atvinnulífsins, Grímur Kjartansson, Árni Steingrímur Sigurðsson, Samorka, Internet á Íslandi hf. (ISNIC), Landsvirkjun, 1984 ehf. og viðskiptaráð Íslands. Auk þessara aðila sendu eftirtaldir umsögn beint til ráðuneytisins: Persónuvernd, ISAVIA, Umhverfisstofnun og fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Drög að frumvarpi fóru í kynningu í samráðsgátt Stjórnarráðsins á vefnum Ísland.is í júní 2018. Umsagnir bárust frá 1984 ehf., fjármála- og efnahagsráðuneyti, Isavia, ISNIC, Landsvirkjun, Persónuvernd, Póst- og fjarskiptastofnun, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins sameiginlega, Samgöngustofu, Samorku, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði og tveimur einstaklingum. Hefur við lokafrágang frumvarpsins meðal annars verið tekið mið af þeim. Ákvæði um gildissvið fyrirhugaðra laga, svo og orðskýringar, hafa verið einfölduð og skýrð nánar. Tillaga er um nýmæli í lög um hlutverk netöryggisráðs. Í frumvarpinu er nú vikið með skýrari hætti að

tengslum við önnur lög, en gildissvið tilskipunar (ESB) 2016/1148 er þvert á ólíka geira með tilheyrandi áskorunum vegna valdmarka stofnana. Að því marki sem sérlæg geyma ítarlegri ákvæði verður að gera ráð fyrir að þau gangi fram. Þá hafa efnisákvæði verið færð til og umorðuð frá því sem var í drögunum sem birt voru í Samráðsgáttinni með það að markmiði að auka skýrleika fyrirhugaðra laga. Ákvæði um valdheimildir Póst- og fjarskiptastofnunar vegna starfrækslu netöryggissveitar hafa verið endurskoðuð með hliðsjón af framkomnum athugasemdum en sá þáttur reyndist einna umdeildastur. Mikilvægi þess að vel sé búið að netöryggissveit áréttast þó hér með, enda mun hún gegna lykilhlutverki í vörnum Íslands gegn netógnum í framtíðinni sem landsbundið öryggis- og viðbragðsteymi (CSIRT), með dýrmæt tengsl við systurteymi erlendis og t.d. Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (ENISA). Efling netöryggissveitar er eitt af lykil-markmiðum frumvarpsins. Lagt er til að hitaveitur skuli falla undir gildissvið fyrirhugaðra laga, með vísan til séríslenskra aðstæðna, enda falla rafmagn, gas og olía undir gildissvið tilskipunarinnar. Eitt af mikilvægustu efnisatriðum frumvarpsins er að komið verður á lágmarkskröfum gagnvart mikilvægum innviðum um skipulag net- og upplýsingaöryggis; þ.e. meðal annars um tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir (formlega áhættustýringu, öryggisstefnu, viðbragðsáætlun, áætlun um samfelldan rekstur og þjónustu, aðgangsstýringu og virkt innra eftirlit). Æskilegt er að lágmarkskröfurnar séu mjög skýrar og ótvíræðar og hafa verið gerðar breytingar til að skerpa á þeim. Þá má nefna að lagt er til að vikið verði að skipulagningu og þátttöku í viðbúnaðaræfingum. Loks var þörf fyrir breytingar á öðrum lögum endurmetin og breytingartillögur útfærðar nánar, þ.e. á gildandi lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti.

Skjal að loknu samráði

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0557.html>